

Fundargerð
314. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
haldinn að Berghellu 1
Fimmtudaginn 21. október 2021 kl. 8³⁰ – 10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjv.)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)
Lúðvík Gústafsson (LG) vm (BGH)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Heimsókn á starfstöð Terra Berghellu.

Arngrímur Sverrisson, rekstrarstjóri hjá Terra, ásamt samstarfsaðilum, tók á móti stjórnarmönnum og sagði frá starfsemi, svaraði fyrirspurnum og sýndi tækjabúnað félagsins til flokkunar á umbúðaúrgangi. Framhaldið var stjórnarfundi að Berghellu 1, Hafnarfirði.

3. Veifarærasamningur.

Framhaldið var umræðu frá síðasta fundi um veifarærasamning. Lögð voru fram fundinum drög að veifarærasamningi til samþykktar. Lögð var fram á fundinum bókun frá stjórnarmönnum Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hljóðar svo:

„Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga telja ekki vera sammingsgrundvöll meðan enn er ósvarað spurningum um hver er ábyrgð sveitarfélaga þegar kemur að úrgangs veifarærum er innihalda plast, bæði varðandi ábyrgð hafna sem og móttöku- og söfnunarsvæði úrgangs í eigu sveitarfélaga. Mikilvægt er að þar til bær stjórnvöld staðfesti, t.d. með reglugerð, að sveitarfélög þ.m.t. hafnir sveitarfélaga, beri enga ábyrgð varðandi veifaræri er innihalda plast. Það er með öllu óásættanlegt að sjávarútvegurinn komist hjá greiðslu úrvinnslugjalds á sama tíma og sveitarfélög þurfi áfram að standa undir söfnun og annarri meðhöndlun veifaræraúrgangs. Jafnframt er enn óljóst hvaða leiðbeiningar SFS mun veita sjávarútvegi um flokkun veifaræraúrgangs og skil til endurvinnslu en núverandi leiðbeiningar hafa orðið til þess að

aðeins brot af veiðarfæraúrgangi fer í raunverulega endurvinnslu og töluverðu magni veiðarfæra er skilað beint inn á móttökusvæði úrgangs innan hafna.

Vakin er athygli á því að framleiðendaábyrgð sem útfærð hefur verið utan Úrvinnslusjóðs, t.d. í gegnum Endurvinnsluna hf. og samning olúfyirtækja um svartolíu hefur falið í sér að sveitarfélög bera hvorki fjárhagslega né skipulagslega ábyrgð á þeim úrgangi og sama ætti að eiga við um veiðarfæri er innihalda plast. Að öðrum kosti væri eðlilegast að rifta núverandi samkomulagi og fela Úrvinnslusjóði framleiðendaábyrgð á veiðarfærum er innihalda plast.

Að öðru leyti er vísað til bókunar Hafnasambands Íslands og verkefnisstjórnar um úrgangsmál.“

Bókun Hafnasambands Íslands og verkefnisstjórnar um úrgangsmál var lögð fram á fundinum.

Lögð var fram bókun stjórnarmanna atvinnulífsins í stjórn Úrvinnslusjóðs við afgreiðslu stjórnar á drögum á veiðarfærasamningi:

„Fulltrúar atvinnulífsins í stjórn Úrvinnslusjóðs fagna þeim áfanga sem náðst hefur með fyrirliggjandi drögum að samningi og hafa að markmiði að innleiða þær breytingar sem orðið hafa og fyrirhugaðar eru, bæði hvað varðar framkvæmd þessa málaflökks sem og það lagaumhverfi sem drögin grundvallast á. Er um að ræða verulega framför frá núgildandi samning.

Ljóst er að allir þeir sem komið hafa að gerð fyrirliggjandi samningsdraga hafa lagt á sig mikla vinnu og lagt sig fram við að ná fram faglegum og málefnalegum drögum að samningi og ber að hrósa þeim aðilum fyrir sitt framlag.

Að gefnu tilefni telja undirritaðir fulltrúar mikilvægt að koma á framfæri eftirfarandi sjónarmiðum til fyllingar stuðningi sínum fyrir að fyrirliggjandi drög verði tekin til samþykktar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 162/2002 er markmið þeirra að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Jafnframt er markmið laganna að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu úrgangs með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi, í þeim tilgangi að draga úr magni úrgangs sem fellur til og fer til endanlegrar förgunar og tryggja viðeigandi förgun spilliefna.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laganna skal Úrvinnslusjóður stuðla að hringrásarhagkerfi með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Í því skyni skal Úrvinnslusjóður með hagrænum hvötum koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er til kominn vegna vara sem falla undir lögum með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi og leggja til grundvallar forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga um meðhöndlun úrgangs sem og markmið 1. gr. laganna. Að ýmsu leyti eru til fyllingar töluleg markmið eða viðmið um úrgangsforvarnir, undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun sem sett eru á grundvelli laga nr. 55/2003, sbr. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 162/2002.

Áréttað er að hinn 1. janúar 2023 munu verða töluverðar breytingar á úrvinnslu veiðarfæraúrgangs samhliða gildistöku breytingalaga nr. 103/2021. Í grundvallaratriðum felast breytingarnar í innleiðingu Evrópugerða á sviði úrgangsmála. Framleiðendaábyrgð á veiðarfærum sem innihalda plast verður þá innleidd í íslenskan rétt ásamt því sem Úrvinnslusjóði verður gert að ná tölulegum markmiðum um úrvinnslu veiðarfæraúrgangs en slík markmið hafa

ekki verið sett af stjórnvöldum fyrir veiðarfæraúrgang. Þá munu heimildir Úrvinnslusjóðs í samningssambandi um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs rýmka hvað uppsögn þeirra varðar.

Samkvæmt gildandi rétti er Úrvinnslusjóði heimilt að semja við fyrirtæki og atvinnugreinar um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu veiðarfæraúrgangs. Við slíka samningsgerð ber sjóðnum að ganga úr skugga um að tilvist og efni samningsins þjóni markmiðum gildandi laga nr. 162/2002. Um efni slíks samnings fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 8. gr. laganna en í honum skal vera verklýsing um tiltekin atriði auk þess sem fyrir eiga að liggja tilteknar upplýsingar. Í lögnum eru veiðarfæri sem falla undir samningsheimild Úrvinnslusjóðs skilgreind með vísan til tollskrárnúmera. Veiðarfæri sem undir tollskrárnúmerin falla eru þá undanþegin gjaldtöku skv. lögum um úrvinnslugjald ef staðfestur samningur er til staðar.

Íslensk stjórnarsýsla er lögbundin og því mega ákvarðanir stjórnvalda ekki fara í bága við lög og verða að samræmast lögum. Úrvinnslusjóður er stjórnvald og ákvörðun hans um gerð og efni samnings er háð reglum stjórnarsýsluréttar. Af því leiðir að samningar Úrvinnslusjóðs verða að samræmast gildandi rétti, sbr. m.a. ÁUA nr. 2009/1997. Að sama skapi verður synjun sjóðsins um gerð samnings að byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. ÁUA nr. 11071/2021. Með öðrum orðum verður synjun um samningsgerð ekki byggð á geðþótta heldur á því að efni hans samræmist ekki gildandi lagakröfum eða ekki þyki sýnt að með honum verði náð markmiðum gildandi laga.

Efni fyrirbyggjandi samningsdraga samræmist gildandi lagakröfum. Þá eru markmið og viðmið samningsins metnaðarfull og í góðu samræmi við markmið gildandi laga og þá ekki síst hvað myndun hringrásarhagkerfis áhrærir. Ekki fæst séð að álagning úrvinnslugjalds á veiðarfæri og ráðstöfun tekna af því geti skilað betri árangri. Þar að auki skapar samningurinn samningsaðilum ríkt svigrúm til aðlögunar að lagabreytingum, m.a. þeim sem koma munu til framkvæmda 1. janúar 2023. Þá verður að skilja ákvæði samningsins með þeim hætti að hann verði uppsegjanlegur, með vissum fyrirvara, frá þeim tíma.

Á grundvelli framanritaðs leggja fulltrúar atvinnulífsins til að fyrirbyggjandi drög að samningi um veiðarfæri verði samþykkt á vettvangi stjórnar Úrvinnslusjóðs og send umhverfis- og auðlindaráðherra til þóknarlegrar meðferðar, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2002.“

„Fulltrúar sveitarfélaga óskuðu að bókað yrði:

Áréttað er að bókun fulltrúa atvinnulífsins sem lögð var fram hafi ekki borist fyrir fund til yfirlstrar líkt og ákveðið hafi verið á síðasta fundi stjórnar.“

Bent var á að í eðli sínu kynni samningurinn að fela í sér samstarf í skilningi 10. gr. samkeppnislaga og því þyrfti að fella hann undir sjálfsmatskerfi skv. 15. gr. laganna. Var í ljós látið, með vísan til ferils máls Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2013, að eðlilegt væri að umhverfis- og auðlindaráðuneytið tæki ábendinguna til skoðunar.

Fyrirliggjandi samningur um meðhöndlun á veiðarfærum er samþykktur með fjórum atkvæðum gegn tveimur, einn sat hjá. Skal hann sendur til undirritunar samningsaðila.

Stjórnarmenn áréttu að eftirliti starfsmanna Úrvinnslusjóðs með nýjum samningi verði fullnægjandi og skýrslur um framgang samningsins verði gefnar stjórn með reglubundnum hætti.

4. Önnur mál

Stjórnarformaður þakkar góðar móttökur hjá Arngrími Sverrissyni og samstarfsmönnum hans hjá Terra.

Næsti fundur 4. nóvember 2021 kl. 8:30

Fundi slitið kl. 10:30